

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P 135/2096**
komudagur **8.4.2008**



8. apríl 2008

Varðar: Umsögn Hitaveitu Suðurnesja hf (HS hf) um frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Helstu atriði til skoðunar í frumvarpinu

Raunveruleg efnisatriði frumvarpsins eru að mati HS hf þessi:

1. Innleiddar eru takmarkanir á eignarhaldi auðlinda á orkusviði.
2. Aðskilnaður einkaleyfis- og samkeppnisstarfsemi (?). Þetta er þó ekki einhlítt því m.a hjá HS hf verða veiturnar klofnar í herðar niður.
3. Innleidd er krafa um að hið opinbera eigi aldrei minna en 2/3 í veiturekstri með sérleyfi.
4. Sett er tímaháð takmörkun á afnot á réttindum opinberra aðila.
5. Fyrirtækjum á orkusviði er mismunað eftir veltu gagnvart möguleikum til rekstrarforms.
6. Sérstakt opinbert eftirlit með fyrirtækjum sem geta alfarið verið í einkaeigu.
7. Frumvarpið að sumu leyti athyglivert fyrir það sem er ekki þar að finna (opinberar ábyrgðir o.fl.).

Um þessi efnisatriði er það skoðun HS hf að í þeim öllum felist breytingar til hins verra og að þau valdi almennt óhagkvæmni og auknum kostnaði, án nokkurs raunverulegs ávinnings. Fyrirtæki sem hafa verið byggð upp af hagkvæmni og ráðdeild um áratuga skeið verða jafnvel fyrir alvarlegum skakkaföllum sem ekki er séð fyrir endann á.

Ýmsar ábendingar um efnisatriði frumvarpsins

Mikil hagræðing hefur átt sér stað undanfarna áratugi með sameiningu smærri eininga og myndun stærri rekstrareininga. Aðeins Landsvirkjun og Rafveita Reyðarfjarðar hafa staðið utan við þessa þróun. Önnur orkufyrirtæki eru flest með samtvinnaðan rekstur rafmagnsframleiðslu, varmavinnslu og ferskvatnsvinnslu – dreifingu rafmagns, hitaveituvatns og neysluvatns og sölu þessara afurða. Í öllum tilvikum hefur eignaréttur til nýtingar auðlindar

fylgt sameiningum hvort sem þær hafa átt sér stað með kaupum og sölum veitna eða beinum sameiningum með hlutaskiptingu milli aðila. Ráðstöfunar- og nýtingarrétturinn á auðlindinni hafa hingað til ekki valdið vandræðum þó svo að skipt hafi um hendur enda byggir afkoma þessara fyrirtækja alfarið á því að auðlindin sé nýtt skynsamlega.

Með frumvarpinu sem er til umfjöllunar á Alþingi er stigið skref sem mun mismuna fyrirtækjum á veitusviði, setja hamlandi skorður í eignarhaldi og rótgróin fyrirtæki verða knúin til uppskiptingar á annars vel „keyrandi“ rekstrareiningum.

- Í frumvarpinu er í raun verið að mæla fyrir um uppskiptingu á tilteknum fyrirtækjum og í athugasemdum er m.a. vísað í almenna stefnumörkun sem í gildi sé innan ESB (inngangur, bls. 5), en gildandi Evrópuréttur kveður hins vegar engan veginn á um slíkan fyrirtækjaaðskilnað. Á Íslandi er staðan þannig að þar sem saman fer í einu fyrirtæki sú starfsemi sem hér er um rætt er það gert með bókhaldslegum aðskilnað. HS hf gerir við það alvarlegar athugasemdir og telur uppskiptingu óþarfa því bókhaldslegur aðskilnaður tryggir þau sjónarmið sem þarna um ræðir. Í því sambandi má spyrja hvort eftirlitsaðilinn (OS) hafi rekist á einhver vandkvæði umfram það sem vænta mætti milli t.d. móður- og dótturfélags.
- Því sjónarmiði hefur einnig verið haldið nokkuð fram, m.a. af Landsvirkjun, að bókhaldslegur aðskilnaður sé m.a. ófullnægjandi vegna framleiðslu á heitu vatni og rafmagni í sama orkuveri og því sé nauðsynlegt að um kveða á um formlegan fyrirtækjaaðskilnað. Engin leið er til að aðskilja framleiðslu orkuvers eins og í Svartsengi (og Nesjavöllum og Hellisheiði) nema bókhaldslega því fyrirtækja-aðskilnaður er óframkvæmanlegur og ekki einu sinni gert ráð fyrir honum í frumvarpinu.
- Rétt er að vekja á því sérstaka athygli að slík uppskipting mun hafa í för með sér verulegt rekstrarlegt óhagræði og jafnvel verulega aukinn kostnað, sem eingöngu getur endað hjá notendum þjónustunnar – heimilum, fyrirtækjum og stofnunum. Þá mun uppskipting veikja sum fyrirtækin verulega t.d. á lánamarkaði og væntanlega valda lakari kjörum.
- Krafa um að dreifiveitur skuli ætíð vera að 2/3 hlutum í eigu opinberra aðila er með öllu ástæðulaus. Dreifiveita hefur ákveðið

hlutverk í raforkukerfinu sem er vaktað af opinberum eftirlitsaðilum. Rekstrarrámmi dreifiveitna og eftirlit með rekstri þeirra eru hvort tveggja á hendi opinberra aðila – það verður að teljast fullnægjandi umgjörð til að halda dreifiveitum við hlutverk sitt. Það er því óþarfi að setja eignarhaldinu skorður, sérstaklega, og mun frekar vera til þess fallið að standa í vegi fyrir eðlilegri þróun á sviði veiturekstrar. Svo dæmi sé tekið gæti verið hagkvæmt að einkaaðilar sem hefðu samlegð af samrekstri við dreifiveitur kæmu að rekstri dreifiveitna til að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri; dreifikerfið er og verður ætíð til staðar til að þjóna sínu hlutverki og með virkri gæðastjórnun rekstraraðila og aðhaldi frá hinu opinbera má tryggja öryggi þessa rekstrar. Það væri nærtækara að í frumvarpinu væru sett ákvæði sem bættu afkomu sem núgildandi lög setja þessum rekstri og mættu þau um leið setja inn hvata til að auka hagkvæmni og skilvirkni.

- Krafa um að hitaveitur (í heild sinni) þurfi að vera að 2/3 hlutum í eigu opinberra aðila setur eigendum fyrirtækjanna skorður sem líklega gera þau minna verðmæt en fyrir lagasetninguna. Krafa skerðir einnig möguleika eigandans á að velja sér samstarfsaðila í gegnum samruna; t.d. gæti hitaveita í eigu sveitarfélags ekki sameinast öðru orkufyrirtæki nema að því tilskyldu að eignarhluti opinberra aðila verði samtals a.m.k. 67%. Sveitarfélag getur til að mynda ekki boðið notendum á veitusvæðinu að eignast veitufyrirtæki í þess eigu nema halda fyrirtækjum á svæðinu utan við eigendahópinn eftir að 1/3 eignarhlut einkaaðila er náð. Það eru til fjölmargar einkaveitur sem annast bæði öflun, dreifingu og sölu á heitu og köldu vatni og er fátítt að skyldur við notendur séu vanræktar – það hníga því engin afgerandi rök að því að hlutdeild opinberra aðila eigi að vera nauðsynleg til að tryggja þær skyldur og alls ekki svo há sem lagafrumvarpið boðar. Vandséð er að það þjóni hagsmunum neytenda að takamarka eignarsamsetningu í þessari starfsemi.
- Rekstraraðilum virkjana verður mismunað með lögunum. Séu fyrirtæki í ríkiseign geta þau keypt jarðir með auðlindaréttindum af opinberum aðilum (t.d. ríkisfyrirtæki af sveitarfélagi) á meðan fyrirtæki í minnihlutaeigu opinberra aðila getur ekki komið til greina í slíkum viðskiptum. Í þessu felst alvarleg mismunun sem hlýtur að orka tvímælis siðferðilega ef ekki lagalega. Sá sem selja vill, velur líklega frekar þann sem vill kaupa fram yfir þann sem aðeins getur leigt afnot. Ákvæði um að ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra, sé óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 7 MW í raun óframkvæmanlegt. Hvenær er endanlega ljóst

hvort slíkt afl er fyrir hendi eða ekki ? Geta viðskipti orðið ólögleg löngu síðar þegar t.d. djúpbörðun leiðir nýjan sannleika í ljós ?

- Það sætir furðu að skipa fyrirtækjum héraendis á tvo bása eftir tekjum þar sem möguleikar á samsetningu rekstrar eru ólíkir. Þannig getur fyrirtæki með undir 2 Gkr tekjum í framleiðslu, dreifingu og sölu rekið í einni rekstrarheild öll svið veiturekstrar á meðan fyrirtæki með tekjur yfir þessum mörkum geta ekki rekið saman í einni rekstrarheild samkeppnisstarfsemi og einkaréttarstarfsemi. Það verður að teljast hæpin lagasetning þar sem afleiðingar hennar knýja afmarkaðan hóp fyrirtækja til uppskiptingar á rekstri sínum á meðan önnur komast hjá slíkri uppskiptingu. Engin rök fyrir vali á tekjumörkum eru tínd fram í skýringum með frumvarpinu og er það óásættanlegt þar sem afleiðingar snúast um jafnræði í rekstrarskilyrðum.
- Eignarhaldskrafan á auðlind getur virkað hamlandi á hagræðingarspor í framtíðinni. Hún setur t.d. vissar skorður við hugsanlegum sameiningum veitna í framtíð og takmarkar í fyrsta lagi möguleika sveitarfélaga til ráðstöfunar á eignum sínum og í öðru lagi rýrir hún verðmæti þeirra eigna. Við þekktar sameiningar hefur verðmæti t.d. jarðvarmasvæðis verið metið sérstaklega en viðbúið er að réttur til afnota verði ekki eins hátt metin til verðs. Þar með er möguleiki eiganda til að ávaxta eigur sínar skertur þó svo að auðlindin sé og verði áfram á sínum stað og hagnýtt eins og áður í þágu byggðar.
- HS hf er yfir 2 Gkr tekjumarkinu og því er fyrirtækið ofurselt skorðum um samtvinningu rekstrar. Með lögunum er bannað að handhafi virkjunarleyfis – rekstraraðili virkjunar – stundi sérleyfisstarfsemi á orkusviði og sömuleiðis er handhafa viðskiptaleyfis bannað að stunda sérleyfisstarfsemi. Ef það að „stunda“ merkir að handhafinn geti hvorki átt né rekið sérleyfisstarfsemi þá verður rekstur virkjana og sala raforku algerlega aðskilinn frá annarri veitustarfsemi HS hf, bæði eignarlega og rekstrarlega. Sérstök stjórn verður yfir dreifiveituhluta og sérstök stjórn yfir framleiðslu og sölu. Hvor hluti verður með ólíka eigendasamsetningu og yfirstjórn. Þessu mun fylgja mikið umrót og segja má að þáttaskil verði í rekstri HS hf. Ekki er útséð hvernig eigi að taka á málum sem „fýsiskt“ eru samtvinnuð (það er ekki að ástæðulausu að orkufyrirtækin eru með samtvinnuðan rekstur) þar sem virkjunaraðili, samhliða raforkuframleiðslunni, hefur með höndum öflun og framleiðslu ferskvatns, sem að hluta er kælivatn fyrir vélbúnað virkjunar, og hitaveituvatns sem verður til í framleiðsluferli virkjunar. Illmögulegt er að rjúfa þessa samtvinningu og þar sem hún

verður óheimil samkvæmt lögum þá eru starfsmenn og stjórnendur settir í óásættanlega stöðu.

- Skv. frumvarpinu þarf væntanlega að rjúfa á tengslin á milli sölustarfsemi rafveitu og hitaveitu í þeim tilvikum þar sem hitaveita hefur sérleyfi. Af þessu hlýst af mikið óhagræði þar sem sölukerfin eru samtvinnuð að miklu leyti í einu sameiginlegu upplýsingakerfi. Upplýsingamiðlun og önnur notendabjónusta verður einnig sérhæfð og unnin í smærri einingum en ella.
- Það er viss skekkja á sviði veiturekstrar hér á landi. Ríkisvaldið er aðaláhrifavaldur í lagasetningu, ríkið annast allt eftirlit, ríkið veitir leyfi ásamt sveitarfélögum og ríkið gefur heimildir ásamt sveitarfélögum. Ríkið á stærsta framleiðanda raforku í landinu, ríkið á eina af stærstu dreifiveitu landsins, ríkið á stærsta sölufyrirtækið og ríkið á talsvert af hitaveitum. Þar að auki á ríkið flutningsfyrirtæki landsins (93%) og þar með stærstan hlut í kerfisstjórnun í raforkukerfi landsins. Evrópubandalagið hefur lagt áherslu á að eigenda- og rekstrarlegur aðskilnaður sé á milli framleiðslueininga annars vegar og flutnings og kerfisstjórnunar hins vegar; hér er þetta allt á sömu hendi að meira og minna leyti. Ríkið er með öðrum orðum yfirburðaaðili á orkumarkaði og stór spurning hvort samkeppnislög nái yfirleitt ekki ekki yfir ríkisfyrirtækin. Það hefði því verið nærtækara og meira sannfærandi ef stjórnvöld hefðu beint lagasmíð sinni að þessum þáttum á orkusviði landsins.
- Starfsemi einkaleyfishluta niðurnjörfuð og svipt öllum möguleikum og tækifærum.
- Ekki hreyft við lögum sem mismuna samkeppnisfyrirtækjum (opinberar ábyrgðir).
- Ekki hreyft við lögleiddum taprekstri rafmagnsdreifingar (tekjurammar) og áform um sömu lögleiðingu tapreksturs hitaveitna.


Aðeins um nokkur atriði sem snúa beint að HS hf

- Eignahlutarreglan upp á 2/3 bitnar í upphafi a.m.k. eingöng á einu orkufyrirtæki, HS hf. Er slíkt ásættanlegt í almennri lagasetningu?

- Hver er/verður ábyrgur fyrir því að ákvæði um 2/3 eignarhald opinberra aðila í dæmi HS hf sé uppfyllt ? Er/verður það Reykjanesbær, OR, HS hf eða allir.
- Fjöldi sveitarfélaga hefur bætt fjárhag sinn með sölu veitna sinna (raf-, hita- vatnsveitu). Má þar nefna Hafnarfjörð, (Akranes), Borgarnes, Sauðárkrók, Hveragerði, Höfn, Vestmannaeyjar, Árborg, Álftanes, Grindavík, Garð, Sandgerði, Voga, sveitarfélög á Vestfjörðum í heild sinni og vafalaust fleiri. Stenst það jafnræðisreglu að þeir sem eftir sitja séu "læstir inni" með þá m.a. ábyrgð á veiturekstri í (mörgum) öðrum sveitarfélögum.
- Ef nauðsynlegt reynist að hafa önnur og mismunandi eignahlutföll í uppskiptu HS hf hver ber ábyrgð á að það gangi upp?
- Er/verður þá bannað í raun að selja hlut í fyrirtækinu til annara en ríkisins (eða OR). Hvernig verður verðið þá ákveðið. Verður ekki að vera til staðar kaupskylda ríkissjóðs ?
- Verði OR áfram 31% hluthafi í báðum hlutum HS hf má þá OR ekki selja t.d. 1% hlut til einkaaðila ?
- Með skiptingu eru hita- og vatnsveita á Suðurnesjum, sem í eðli sínu eru einokunarstarfsemi, klofin í tvennt sem veikir væntanlega stöðu þeirra. Komi upp sérstök notkun, t.d. vatnsútflutningur sem er uppi á borðinu nú, verður við tvo aðila að semja sem sannarlega eykur flækjustig.

Virðingarfyllst,

F.h. Hitaveitu Suðurnesja hf


 Hitaveita Suðurnesja hf
 680475-0163
 25. Mannlífi, 26, 260, 270, 280
 Julius Jónsson
 forstjóri

Fylgigögn:

- Hugleiðingar um „Aðskilnað einkaleyfis – og samkeppnisþátta“.
- Hugleiðingar um „Eignarhald auðlinda“.
- Tekjurammi „rafdreifingar“.
- Minnisblað um ýmsar lagabreytingar síðustu ára.

Aðskilnaður einkaleyfis- og samkeppnisþátta

- Tekjur orkufyrirtækis eins og HS hf skiptast í meginatriðum í raforku- og vatnssölu og síðan aðrar tekjur. Hjá HS hf var raforkusala 2007 um 74% teknanna og vaxandi, vatnssala (án eingreiðslu VL) 16% og ferskvatnssala og aðrar tekjur um 10%.
- **Raforkusala (74% tekna)**
- Raforkusalan skiptist gróft séð í 4 þætti. Raforkudreifing er um 20% teknanna, raforkuflutningur 9%, hin eiginlega raforkusala til almennings 33% og síðan sala til stóriðju 38%.
- Aðeins um einstaka liði:
- Tekjur af raforkudreifingu eru alfarið ákveðnar með tekjuramma sem settur er af Orkustofnun og samkvæmt lögum sem skylda dreifiveiturnar til raunverulegs tapreksturs af þeirri starfsemi sinni. Tekjuramma HS hf innifelur afskriftir (24%), rekstrarkostnað (46%), orkutöp (6%) og síðan 4 - 5% arðsemi/vexti á þá fastafjármuni sem bundnir eru í rekstrinum (gæti með tímanum hækkað í ca. 8%). Öllum má vera ljóst að 4 - 5% arðsemi/vextir á fastafjármuni er langt undir raunkostnaði og því verður um taprekstur að ræða sem þá er fjármagnaður með lækkun eigin fjár eða millifærslu frá öðrum þáttum starfseminnar.
- Raforkuflutningur er í raun ekki tekjur HS hf heldur er þar um innheimtu að ræða fyrir Landsnet hf (án innheimtubóknunar).
- Hin eiginlega raforkusala er nú samkeppnisgrein þannig að ef fyrirtæki eins og HS hf ákveða mikla hækkun gjaldskrárinnar geta viðskiptavinir einfaldlega skipt um söluaðila. Gjaldskrár söluaðila eru nú mjög svipaðar og í meginatriðum undir heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar sem er markaðsráðandi aðili í raforkusölu á Íslandi.
- Raforkusala til stóriðju er samkvæmt langtímasamningum (20 – 25 ára) og verður því ekki breytt þó eignarhald fyrirtækjanna breytist. Sá þáttur og eigin raforkuframléiðsla eru þó burðarásar í afkomu þessa rekstrarþátta (rafmagnssölu).

- **Vatnssala (16% tekna)**

Ekki gilda formleg verðlagsákvæði um gjaldskrá á heitu vatni en hana þarf að senda iðnaðarráðuneytinu til staðfestingar. Ekki hafa verið gerðar neinar athugasemdir við gjaldskrárhækkanir sem fylgja verðlagsbreytingum en dæmi eru um að þegar hækka átti verulega umfram verðlagsbreytingar, jafnvel þó viðkomandi veita væri með eina lægstu gjaldskrána í landinu (Ólafsfjörður) þá var staðfestingu hafnað. Það er því nokkuð ljóst að umtalsverða tekjuaukningu væri ekki unnt að sækja í hækkun gjaldskrár á heitu vatni.

- **Aðrar tekjur (10% tekna)**

Ferskvatnssala (4% teknanna) fylgir í meginatriðum fasteignamati með lítilsháttar svigrúmi í álagningarprósentu en um mjög lítinn hluta teknanna er að ræða og reksturinn í járnum. Aðrar tekjur eru tengigjöld, leigutekjur flutningskerfis og ýmis þjónustugjöld, svo sem gatnalýsing. Þessir liðir eru í nokkuð föstum skorðum og sveigjanleiki tiltölulega lítill.

- **Samantekt**

Af ofangreindu má ráða að fullyrðingar um að við einkaeigu HS hf (og þá orkufyrirtækja almennt) þá verði okrað á almenningi í landinu byggjast annað hvort á vanþekkingu eða þá að um beinar og vísitandi rangfærslur er að ræða. Til þess þyrfti að rýmka mjög gjaldskrárheimildir fyrirtækjanna og það hefur ekkert með eignarhaldið að gera og mun líklegra að allur rekstrarramminn yrði þá enn þrengdur og eftirlitsiðnaðurinn fengi enn einn spóninn í sinn sífellt stækkandi ask.

Eignarhald „auðlinda“

- Fyrsta spurningin er þá hvað felst almennt í orðinu „auðlind“ því varla er sú lýsing sem er í lögum um „rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu“ tæmandi. Eiga öll jarðhitasvæði landsins að vera í opinberri eigu, eiga öll vatnsföll sem virkjanleg eru að vera í opinberri eigu, eiga öll ferskvatnsból landsins að vera í opinberri eigu o.s.fr. Ósnortinn náttúra er einnig mjög verðmæt auðlind, svo verðmæt að mati sumra að virkjunarmöguleikar fölna í samanburðinum. Ef menn meina það sem þeir segja þá þarf í raun að þjóðnýta Ísland í heild sinni því varla er unnt að taka bara út úr myndinni þær auðlindir sem orkufyrirtæki nýta. Bændur eiga nú vatnsréttindi í ám sem um jarðir þeirra renna og dæmi um að útlendingar eigi slíkar jarðir við Þjórsá og örugglega víðar og gætu þá um leið átt hluta vatnsréttinda. Á að banna eignarhald útlendinga á slíkum jörðum sem varla stenst EES samninginn og alls ekki ESB aðild sem sumir stefna eindregið á.
- Þær „auðlindir“ sem HS hf nýtir nú í Svartsengi og á Reykjanesi voru í meginatriðum keyptar af einkaaðilum á sínum tíma og sama gildir að ég held um OR. Hugsanlegur jarðhiti í Trölladyngju og Sandfelli er nú í einkaeigu en Krýsuvík hinsvegar væntanlega í meginatriðum í opinberri eigu.
- Ríkisfyrirtækið Landsvirkjun stendur í deilum við einkaaðila (bændur) um réttindi við Kárahnjúka og Þjórsá.
- Ef allar þessar „auðlindir“ eiga að vera raunverulegar auðlindir og vera í opinberri eigu þá verða þessir opinberu aðilar að vera reiðubúnir til að leggja fram þá fjármuni sem nauðsynlegir eru til að auðlindirnar skili arði og standi þannig undir nafni. Trúa menn því almennt að opinberir aðilar séu best fallnir til þess ?
- Það er erfitt að sjá að eignarhaldið skipti í raun einhverju máli **ef** löggjafinn gæti gert það sem er í raun hlutverk hans og reyndar eina hlutverk, en það er að setja um þessa starfsemi þannig löggjöf og reglur að eignarhaldið sé aukaatriði eins og það á að vera.
- Nú hafa verið kynnt drög að nýju frumvarpi um hitaveitur. Það má ljóst vera af lestri þess að höfundar þess deila því sjónarmiði með HS hf að (2/3) eignarhald opinberra aðila tryggi viðskiptavinum í raun ekki

neitt miðað við það víðtæka eftirlit, heimildir til haldlagningar gagna o.fl. sem þar er að finna.

- Tekjurammi rafveitudreifingar gengur einfaldlega ekki upp samanber eftirfarandi raunveruleika í tilviki HS hf.

RAFORKUDREIFING 2008

TEKJURAMMI

Rekstrarkostnaður (rauntölur)	527.929
Orkutöp (<rauntölur)	70.277
Afskriftir	280.000
"Arður"	269.500
Fjármagnskostnaður	0
	<u>1.147.706</u>

EBITA (afskriftir + arður)	<u>549.500</u>
----------------------------	----------------

Áætlaðar fjárfestingar 2008	<u>750.000</u>
-----------------------------	----------------

EIGNIR

Fastafjármunir	4.539.854
Fastafjármunir sameiginlegir	<u>244.223</u>
Fastafjármunir samtals	<u>4.784.077</u>

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

		<u>2009 ?</u>
Langtímaskuldir (60% eigna)	2.870.446	3.530.218
Eigið fé (40% eigna)	<u>1.913.631</u>	<u>1.913.631</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>4.784.077</u>	<u>5.443.848</u>

REIKNADAR LÁNAGREIÐSLUR

Afborganir (1/10)	287.045	353.022
Vaxtagreiðslur (6%)	<u>172.227</u>	<u>211.813</u>
Lánagreiðslur alls	<u>459.271</u>	<u>564.835</u>

LÁNSFJÁRPÖRF

EBITA	549.500
Áætlaðar fjárfestingar	-750.000
Lánagreiðslur alls	<u>-459.271</u>
Lánsfjárförf samtals	<u>-659.771</u>

Lagabreytingar síðustu 10 ára sem snerta orkufyrirtækin.

Margvísleg lagasetning hefur litið dagsins ljós síðasta áratuginn. Segja má að öll þessi lagasetning hafi m.a. verið íþyngjandi fyrir orkufyrirtækin og valdið miklum kostnaðarauka fyrir þau og viðskiptavinum þeirra (í sumum tilfellum sérstaklega hjá HS hf.) Auk þess hafa allir tímaferlar lengst, flækjustig aukist til muna og þó í þessum lagabálkum sé að finna jákvæð atriði þá er það skoðun HS hf að neikvæðu áhrifin séu umtalsvert meiri en þau jákvæðu (nema atvinnusköpun hafi verið sérstakur tilgangur breytinganna).

- 1998 nr. 57 10. júní Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.
- 2000 nr. 106 25. maí Lög um mat á umhverfisáhrifum
- 2003 nr. 65 27. mars Raforkulög.
- 2004 nr. 32 7. maí Lög um vatnsveitur sveitarfélaga.
- 2004 nr. 75 7. júní Lög um stofnun Landsnets hf.
- 2004 nr. 98 9. júní Lög um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.
- 2005 nr. 50 18. maí Lög um skattskyldu orkufyrirtækja.
- 2006 nr. 23 12. apríl Lög um upplýsingarétt um umhverfismál
- 2006 nr. 105 14. júní Lög um umhverfismat áætlana
- 2007 nr. 84 30. mars Lög um opinber innkaup
- 2007 Sala á 15,2% hlut ríkissjóðs í HS hf.
- 2007 Frumvarp til skipulags & byggingarlaga
- 2008 Frumvarp um orkufyrirtæki.

- 2008/9 Frumvarp um hitaveitur.